

JANUAR - MARZ 1936

## Framtíð lífsins og dauðans.



Helgi Pjeturss.

segja frá, var í því innisalin, að framliðinn maður gerði tilraun til að hverfa aftur á fornar slóðir. Eða nákvæmar til tekið, tilraun var gerð til að endurskapa líkama framliðins, á miðlunni sem kallað er, eða með tilstýrk konu, sem mjög merkilega hæfileika hesur í þeim efninum, en þó meðfram sýrir tilstuðlun annara, sem þar voru samankomnir. Því að bæði miðill og fundarmenn skapa aflsvæði það, sem nauðsynlegt er, til þess að líkamning geti orðið, þó að miðillinn leggi þar langmest til. En að hinn framliðni, sem hér er af sagt, leitaðist við að koma þarna fram, eða réttara sagt gerði tilraun þessa til að koma þarna aftur, verður að rekja til þess, að dóttir hans var þarna stödd á fundinum; kemur þar til greina stillilögþálið, *law of determinants*. Hef ég nú rannsakað það lögþál i 21 ár, og væru það mikil rangindi gagnvart mér, að halda að ég fari þar með staðlausa stafi.

## I.

Kvöldið 4. júlí var ég viðstaddir mjög merkilega og einkennilega heimsókn, sem rétt er að ég segi nokkuð af. Í því skyni að auka mönnum áriðandi fróðleik og þá cinnig til að forða saklausum frá grunsemdum, sem eru rangar og meidandi, en þó að visu mjög eðlileg afleiðing vanþekkingar í þessum efninum. Því að vanþekkingin hesur sér á aðra hönd trúgirni og ostrú, en tortrygning og vantrú á hina. En heimsókn sú, sem ég ætlaði að

## II.

Er þá að segja frá hinni surðulegu heimsókn. Fram úr byrginu kom það, sem virtist vera nokkuð hár maður í hvíum sloppi, og höfudíð reisað mjög, nokkuð líkt og sáraumbúðir væru, en þó sást mikið af andlitinu. Var það mjög illa lagað og ekki með eðlilegum holdslit. Engin sá ég augun, aðeins augnatóftir. En þó brá þar mjög undarlega við, og því er það nú, sem ég hef kosið að segja sérstaklega frá einmitt þessari heimsókn, þó að þarna á fundinum gerðust margar svipaðar. En þarna bar frá, því að í þeirri augnatóft likamningsins, sem að mér sneri, skein mjög einkennilegt og skært ljós. Sáu þetta fleiri en ég, og án þess að ég vekti athygli á því. Og þegar ég var að hugsa um þetta surðulega ljós, risjaðist nokkuð upp fyrir mér, í fundarbyrjun hafði ég sagt nokkur orð, ef verða mætti til þess að bæta eitthvað likamningarástæður, eða sambandsástæðurnar yfirleitt. Stakk ég m. a. upp á því, að við öll, sem þarna vorum, skyldum reyna til að vera samhuga um að óska þess, að okkur yrði sýnt eitthvað af ljóstagi, sem vel væri fallið til að sannsæra alla um, að þar gæti ekki verið um nein brögð eða svik að ræða. Virtist mér næsta eðlilegt að lita á ljós þetta sem svar við þeirri ósk. Annars er ýmislegt um likamninga þessa þannig, að það er alveg augljóst, að ekki getur verið um svikabréð að ræða. T. d. hneigja þeir sig þannig framan í fundarmenn, eins og í kveðju skyni, að með brúðuhausum á stöng væri alveg ómögulegt að leika slikt estir. Annað er það, hvernig hið hvíta línlíka efni (ektoplasma), sem þarna er svo mikið um, hagar sér. Eitthvert sinn kom miðillinn út úr byrginu með mjög mikið af þessum hvítu slæðum utan á sér, og sá ég greinilega, hvernig hið hvíta efni virtist spretta út úr, eða vera sprottið út úr tungu hennar.

## III.

Þó að ég hafi aðeins verið á fáum af þeim fundum, sem hér ræðir um, þá virðist mér óhætt að fullyrða, að miðillinn þar, frú Lára Ágústs Þóttir, hafi til að bera mikla hæfileika sem likamningamiðill (*materialisations-medium*). En að vísu virtist mér allir þeir likamningar, er ég sá, næsta van-skapaðir og ófullkomnir, og er slikt sízt að surða og mun

ekki vera miðlinum að kenna, heldur hinum miður heppilegu ástæðum, sem eru þarna á fundunum, eða hafa að minsta kosti verið á þeim fundum, sem ég hef tekið þátt í. Verður það i rauninni að teljast mesta undrunarefní, að nokkrir líkamningar skyldu þar geta komið fram. Þar var altof heitt, loftið alt annað en gott, og söngurinn læpast af réttri tegund. Góðar dansplötur — eins og t. d. »Morgenblätter« eftir Joh. Strauss eða »Heut mein Schatz« eftir snilling, sem ég kann því miður ekki að nefna — mundu þar geta gert meira gagn en flest sálmalögin; eða þá lag eins og hinn yndislegi astansöngur (Abendlied) Schumanns. En þó verður að gæta þess, að ef einhver viðstaddir er óánægður með það sem sungið er, þá spillir það syrir, hversu gott sem lagið er. Samstilling sundarmanna og hugarsfar gagnvart miðlinum þarf og að vera í góðu lagi, ef hæfileikar miðilsins eiga að geta notið sin til fulls. Mér virðist eigi óliklegt, að beztur undirbúningur undir slika fundi væri dans af réttri tegund eftir músik af réttri tegund, og þá, auðvitað, að á fundinum væri jafn-margt karla og kvenna.

#### IV.

Engum er láandi þó að hann nefni undur eða kraftaverk það sem gerist á líkamningarsundi. Og þó er raunar alt eðlilegt, og misskilningur að setja það í samband við einhvær annan heim. Skal nú reynt að skýra þetta nokkuð. Fornspekingurinn Plótinos sagði, að i sérhverjum hlut byggi orka nokkur, sem geislaði út frá honum lengra eða skemra (sbr, Nýal s. 489, þar sem setningin er öll þýdd). Setning þessi virðist vera í góðu samræmi við hina nýju eðlisfræði, og mun rétt vera, það sem hún nær; en það verður að bæta því við, að orka þessi, sem geislar frá hverjum hlut, lisandi eða dauðum, leitast við að endurframleiða hann, og getur farið i eða hlaðið aðra hluti. Ég hef með rannsóknunum mínum fundið, að svefninn er nokkurskonar hleðsluástand og að draumarnir byggjast á sambandi við einhvær, sem nefna má draumgjafa (sjá Nýal) Vanalegur svefn er því miðilsástand; og miðilsástand ekkert annað en sérstök tegund af svefni og draumum. Og í ágætu samræmi við þessa kenn-

ingu er það, að það ber stundum við, að meira eða minna ófullkomnar likamningar geta orðið í kringum mann, sem liggur í rúmi sín og sesur, og þegar hann vaknar, getur hann náð að sjá likamningana áður en þeir hversfa; virðist ekki óliklegt, að slikt muni bera við miklu ofstar en athugað hefur verið, sakir þess að þegar sofandinn vaknar, hversfa likamningarnir eða svipirnir fljótar en svo, að vaknandinn nái að athuga þá. Þetta sem nú var sagt, varpar ljósi yfir eðli likamningaránnar. Einhver, vanalega framlíðinn, sem er orðinn íbúi annrarar jarðstjörnu, fer samband við miðlinn, líkt og draumgjafasambandið er í vanlegum svefn. Sambandið verður syrir nokkurskonar geislau, en sú geislau leitast við að endurskapa likama þann, er geislauin stasar frá. Stundum er eins og beinlinis reynt til að breyta miðlinum sjálfum, hárið breytist, andlitið, hendurnar, og mátti sjá sitt-hvað af því tagi á þeim fundum frú Láru, sem ég var við staddir. En ofstar leitast þessi geislun við að endurskapa hinn framlíðna utan við miðlinn, en þó í sambandi við hann. En viðstaddir ráða mestu um það, hvaða „andar“ koma fram í miðlinum, hvort sem verður af likamning eða ekki (stillilögðmálið). Það hefur bagað miðilrannsóknir — eða sárlænar rannsóknir — mikil, að menn hafa ekki þekt þetta lögðmál; en kunni menn glögg skil á því, þá má umsvifalitið, en alveg örugglega, ganga úr skugga um það, hvort um sannan miðil er að ræða eða ekki.

## V.

Stórfurðulegir eru þeir atburðir, sem vér verðum vottar að á likamningafundi, þar sem um er að ræða komu gesta, sem heimsækja oss, eigi einungis handan yfir djúp dauðans, heldur einnig yfir um geimdjúpið, þar sem heimkynni þeirra er jarðstjarna í margra biljóna milna fjarlaegd. Og er vér leitumist við að afla oss þekkingar á lífinu eftir dauðann, bæði af því sem heyra má á miðilsfundum og með nákvæmri rannsókn þess, sem ritað hefur verið um það efni, þá verður oss ljóst, hversu mjög mikil stund er lögð á það, þar sem lífið er lengra komið, að fullkomna sambandið milli íbúa stjarnanna, og þá ekki sít þannig, að hinar fullkomnari verur geti komið fram á stöðum, þar sem lífið er á lægri þroskastigum, til að

hjálpa þeim, sem þar búa. En ég hef lengi leitast við að vekja athygli á því, að það eru hin mestu umskifti í sögu hverrar jarðstjórnar, þar sem lífið hefur vaxið fram frá byrjun, þegar menn fara þar að uppgötyva íbúa stjarnanna og óðlast skilning á þessari viðleitni hinna lengra komnu, til þess að hjálpa byrjendum. Verður þetta sama sem að náttúrufræðin uppgötvi — eða uppgötvad verði á náttúrusfræðilegan hátt — hið sanna eðli lífsins estir dauðann.

## VI.

Aukin þekking, eins og t. d. á eldinum, málnum, eðli loftlegunda, rafmagni, hefur aftur og aftur orðið til þess að breyta stórkostlega lífsnáðarháttum mannanna, og að visu til batnaðar, en þó því miður aðeins að nokkru leyti, en ekki öllu. En það er óhætt að segja það fyrir með vissu, að engar breytingar af því tagi, sem orðið hafa, munu komast í hálfkvisti við afleiðingarnar af því, að náttúrusfræðin fer að ná til lífsins estir dauðann. Það er eigi einungis það, að hinir framlíðnu verða ekki tapaðir þeim, sem hér lífa estir, eins og nú verður að segja að sé; og er það þó vissulega stórmikið atriði. Hitt er enn meira, að alt vort líf mun verða oss eins og i nýju ljósi, og vér munum sjá, að nú hefur í fyrsta skifti í sögu mannkynsins áunnist sá þekkingarauki, sem sýnir leið til að baeta ævikjör mannanna, ekki einungis að sumu leyti heldur öllu. Vér munum sjá möguleika til að útrýma veikindum, fátakt og glæpum. Og baði að fækka slysum stórkostlega, og eins að baeta úr afleiðingum þeirra, sem þó verða, baði fljótar miklu og fullkomlegar en nú er unt. Ég vil nefna t. d. druknun. Það er eins og slikir atburðir verði ennþá sorglegri, ef hinir druknuðu nást eftir aðeins skamma stund, og þó er engin leið til að vekja þá til lífsins aftur. Með tilstyrk hinnar auknu líffraði mun taðast að endurlifsga druknaða, jafnvel þó að þeir hafi legið í vatni svo að klukkustundum skiflir. Og eins mun verða um sár og meiðsli. Það sem nú verður annaðhvort ekki grætt eða þá aðeins seint og illa, mun verða haegt að græða á skömmum tíma og örkuumlalaust.

Slikar munu verða afleiðingarnar af því að ná sambandi

við hin fullkomnari tilverustig lífsins. En vitneskjan um það, að hinn framlíðni á eftir dauðann nýjan líkama og er orðinn íbúi annarar jarðstjörnu, er undirstöðuskilyrði fyrir því, að þetta svo afaráriðandi samband geti komist í rétt horf.

## VII.

Mér er óhaett að segja, að hefði ég ekki komist niður á hina náttúrusraðilegu undirstöðu í þessum málum, þá mundi ég ekki hafa við þau fengist. En eimmið þau mál hafa nú verið aðalviðlangsefni mitt um mörg ár, og liggur þetta engan veginn eins fjarri jarðsraðingi og mörgum kann að virðast í fljótu bragði. Því að takmark hinnar fullkomnu jarðsraði er óesað einnig það, að geta sagt hvaðan lífið á jörðinni er komið og hvort það stefnir. Hef ég, er ég var að reyna að kynna mér hina fornu grísku speki, fundið að þar er til sú kennung, að lífið hér á jörðu sé komið frá stjörnunum; en um hitt var áður kunnugt, að grísk fornspeki kennir, að menn fari héðan eftir dauðann til annara stjarna, þó að heimspekisögufræðingarnir hafi ekki gefið þessari kenningu mikinn gaum. En langvinnar rammsóknir mínar á þessu málí hafa leitt mig til óyggjandi skilnings á því, að þessi kennung er rétt, og jafnframt hesur mér orðið ljóst, hversu afarnauðsynlegt oss hér á jörðu er að fá miklu fullkomnara samband við lífið á stjörnunum en verið hesur, og að þetta getur á engan hátt orðið án þekkingar á þessu aðalatriði, að framhald lífsins hér á jörðu er likamlegt líf á öðrum jarðstjörnum. Hef ég gert mér mikið far um að reyna að ryðja þessari svo afarnauðsynlegu þekkingu braut, bæði með bréfaskriftum og með ritgerðum á íslenzku, ensku og þýzku, og jafnvel lítið eitt á fleiri málum. En mér hesur orðið lítið ágengt ennþá, svo augljós sem þessi óumræðilega áriðandi sannleikur virðist vera, og svo auðveit, sem það er, að benda á hina þrálátu viðleitni framlíðinna á að koma til vor, sem þessa jörð byggjum, vitneskjunni um það, að hinir dánú eru eigi aðeins lífandi, þrátt fyrir dauðann, heldur líkamlegir, eins og þeir voru áður, þó að líkaminn sé annar; og að þeir eru íbúar jarðstjörnu eins og áður, þó að jarðstjarnan sé önnur. Á miðlendum, sem ég gat um í upphafi þessa

máls, það eg þa, sem þar voru, að reyna að vera sambuga um að líta svo á, sem fundur eins og þessi, væri tilraun til sambands við íbúa stjarnanna, en ekki hygg ég, að þau til-mæli hafi náð neinum verulegum tökum á hugum manna. En þó efast ég ekki um það, að áhuginn mundi verða mikill, ef menn gerðu sér ljóst, hvilik surðutiðindi likamningar, eins og þeir sem vér sáum í ósúlkkominni mynd þarna á fundinum, gætu sagt oss, ef viðtökuskilyrðin á þessari sambands-stöð, sem slikur fundur er, væri þannig baett, að þeir gætu fullskapast. Mundum vér þá fá að heyra ýmislegt, sem fari langt fram úr öllu því, sem áður hefur heyrst á miðlufundum, því að þar hefur þetta altaf verið til fyrirstöðu, að menn höfðu ekki gert sér ljóst, að fundurinn var tilraun til sambands við lífið á stjörnunum. En af því sem þó, þrátt fyrir slika fyrirstöðu, hefur tekist að segja eða ríta, getum vér nokkuð imyndað oss, hvérsu sterkan hug hinir framlíðnu hafa á því, að reyna til að koma oss í skilning um sann-leikann í þessum esnum. Er rétt að ég segi dálitið af sliku. Kona, sem misti son sinn í ófriðnum mikla og fékk síðan mikið og merkilegt samband við hann framlíðinn, hefur þetta eftir honum: »Pegar menn vita, að andaheimurinn er einungis annar hluti efnisheimsins, alveg eins og Amerika er hluti gamla heimsins, þó að hafið sé á milli, þá mun þeim undireins verða ljóst, að fólk er á voru svíði alveg eins lífandi og á ykkar svíði« (þ. e. jörðinni). Tilgangur hins framlíðna hefur auðsjáanlega verið sá að segja, að fólkid á þeirra svíði sé alveg eins *likamlegt* og vér hér á jörðu. Í annað skifti segir hann: »Alt er þetta, módir min, i raun og veru einn heimur og mjög líkt sumt lí heimi framlíðinnal, þó að sumt sé mjög ólíkt. Hér eru allskonar skólar, og einnig staðir til guðsdýrkunar; hér eru ljómandi fagrar ár og garðar og fjöll og stöðuvötn«. Ennfremur segir hann: »Timinn haettir, pegað salin yfirgesur efnisheiminn«, en leiðréttir sig svo og segir: »eða réttara sagt hina grófgerðari tegund efnisheimsins, því að heimkynni mitt hér tilheyrir efnisheiminum, einungis er efnið fullkomnara (orðið *finer* getur ekki þýtt neitt annað, ef nokkurt vit á að vera í því). Að enginn tími sé til eftir dauðann, er ekkert annað en þvaður, þó að Tiny (eins og

konaan nefnir son sinn) leiðrétti það ekki. Tiny segir líka að til séu þúsundir af bygðum jordum í alheimi (honum hefði verið óhætt að segja biljónir eða þó að hærri tala hefði verið) og að hann hafi í fyrstu alls ekki getað áttað sig á þessu. Það er af þessu, sem nefnt var, og mörgu öðru, mjög greinilegt, að Tiny er að reyna til að segja móður sinni frá því, að hann lífi eftir dauðann likamlegu lífi á jardstjörnu, en þó kemur greinilega fram í bókinni (*"The Witness"* eftir Mrs. Platts), að hin ágæta kona hefur ekki getað áttað sig á þessu. Langaði mig mikið til að geta hjálpað henni, og hef ég í því skyni skrifad henni nokkrum sinnum, en árangurslaust enn sem komið er.

I annari bók, eftir ónefndan höfund (*"Dear Witness. by a King's Counsel"*) segir svonefnudur andi, með tilstyrk miðils, mjög fróðlega frá því, hversu hann hafi farið í heimsókn til annarar jardstjörnu, og hversi margir þangað, þegar þeir deyja, en flestir hverfi þó fljótt þaðan til annara jardstjarna, þar sem líkara sé að lífa því, sem er hér á jördu. Hér er mjög greinilega talað um líf i andaheimi sem líf á öðrum jardstjörnum, en þó virðist hinn auðsjáunlega vitri og hámentaði höfundur alls ekki hafa tekið eftir því, hverskonar upplýsingar hann hafði fengið um hinn svonefnda andaheim. Er þarna mjög eftirtektarverð bending um það, hversu fjarri mönnum er hinn visindalegi, náttúrusfræðilegi skilningur á lífinu eftir dauðann, þessi skilningur, sem er svo áriðandi, að þegar hann er fenginn, þá er einnig fundin leið til þess að sigra dauðann.

### VIII.

Margt hefur ritað verið býsna fróðlegt um sambandið milli stjarnanna, eftir því sem vitrast hefur spámönnum og miðlum, en langostlast þó þannig, að enginn skilningur var á því, hvað um var að ræða. Minnist ég þess, að ég gat eitthvert sinn um það i bréfi til ágæts miðils og rithöfundar, að hann hefði í einni af bókum sínum lýst ferðalagi framlíðinna milli stjarnanna, en hann þvertók fyrir að svo væri. Og virðist mér þetta stór-eftirtektarverð bending um, að ekki hafi verið ritað frá eigin brjósti, heldur í sannleika fyrir áhrif frá framlíðnum, eins og rithöfundur þessi hafði haldið fram. En af

lysingum þeim sem til eru, má, þó að þær séu ófullkomnar, glögt skilja, að á jardstjórnunum, þar sem framliðnir lífa miklu fullkommara lífi en gert er hér á jordu og óðrum frumstöðvum, er hin mesta stund lögð á að greiða fyrir samibandinu milli stjarnanna, miklu meiri stund en hér á jordu jafnvel á vighbúnað. Miljónir manna koma saman á stöðum, sem útbúnir hafa verið til sliks og líkja metti við fluglendingastöðvar. Allir horfa í sömu átt. Skyndilega hefur ný stjarna tendrast hátt á himini, en hún er ólik óðrum stjörnum í því, að sem menn horfa á hana fer hún hraðan stækkaandi og einnig blikar hún í hinum surðulegstu litum, skaerari og margbreyttari en nokkur af fastastjörnunum hefur til að bera. Og þar kemur, að allir geta greint að þetta er ekki nein stjarna, heldur mikill fjöldi af lýsandi verum, sem þarna svifur í loftinu og nálgast óðfluga, unz þær setjast á stað, sem þeim er fyrirbúinn þar hjá sjöldanum. Þetta era gestir frá stjórnu þar sem lífisð er lengra komið, og surðuleg eru áhrif þeirra á miljónirnar, sem fyrir eru. Öllum finst eins og þeir séu að lífna til nýs lífs, allir krafstar þeirra og hæfileikar aukast a undursamlegan hátt. En þó kemur brátt í ljós, að þetta á sér ekki stað jafnt um alla; sumir fara að skina, svo að þeir likjast gestunum, og þegar þeir fara, taka þeir þá með sér. Fer svo eins og áður, gestirnir, og þeir sem burtu hverfa með þeim, glitra um stund likt og stjarna á himminum, þó að með ennþá surðulegra ljósi og litum sé, en hversa síðan í fjarskann. Og að vísu má ekki halda, að likamirnir flytjist um óraffsjarlægdir himingeimsins, heldur er um sérslaka tegund af orku að raða, sem fer með hraða hugarins, en veldur likamningu, eða framleidir likamina, þegar komið er á aftsveði þeirrar stjórn, sem verið er að heimstekja. En tilgangur hinnar surðulegu heimsóknar er sá, að sækja þá til fullkommara lífs, sem tekist hefur að gera sig hæfa til þess, en greiða fyrir þeim sem eftir eru. *Heimsóknir eins og þessar eru komnar í staðinn fyrir daudann,* og er munurinn vissulega meiri en svo, að með óðrum verði lýst. En þó eru heimsóknirnar stundum nokkuð með óðru móti og í óðrum tilgangi. Mönnum getur þar sýnst eins og sólin sé að koma, og þó er ljósið bjartara en sólin, það er lífsljós, og fram úr

ljósinu gengur dýrðleg vera, sem reynist betri gestur en sagt verður.

Slikar eru heimsóknirnar, þar sem lengra er komið, og þykja furdutíðindi, jafnvel þar sem svo margt er furdulegt. Og hinir góðu gestir eru oft framlíðnir frá þeiri stjörnu, sem vitja nú astur fornra heimkynna, til að greiða syrir þeim á braut fullkomunarnar, sem þar búa eftir. Og svo mjög ófullkomin sem pessi heimsóku var, sem jeg gat um fyrst, þá var það þó visir og viðleitni í þessa sömu átt. Og ljósíð sem skein undir brún líkamningsins var lífsljós, þó að ekki hefði það kraft til að skapa auga. En ekki verður því neitað, að mikilsverdir eru þeir hæfileikar, miðils-hæfileikarnir, sem gera það unt, að slik heimsóku geti orðið, og virðist ekki vafamál, að vér ættum að reyna til að greiða syrir því, að slikein hæfileikar gætu orðið að sem mestum notum.

Á þessari stjörnu, sem vér köllum jörð, lísum vér í skugga dauðans. En ef rétt er að farið, getur ljós lífsins skinið hér bjartar og bjartar, unz skuggi dauðans hversur með öllu, eins og orðið er á stjörnum hins fullkomnara lífs. En alda-skiftin, sem ég hef minst á, eru í því fólgin, að farið verði að stefna í þá átt, og tilgangi lífsins verði náð æ betur og betur. Framtíð lífsins er að verða æ fullkomnara og fullkomnara; framtíð dauðans að haetta með öllu að vera til. En ofsnemt er að segja, eins og oft er þó gert, að enginn dauði sé til, þar sem dauðinn bíður ennþá allra.

*Helgi Pjeturss.*